



## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### **Styrkir til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustunni árið 2016**

*Heiti verkefnis:* **Áframhaldandi uppbygging þverfaglegrar þjónustu við einstaklinga með sykursýki og fótamein á Íslandi.**

*Stofnun:* Deild innkirtla-og efnaskiptalækninga, Landspítali Háskólasjúkrahús.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Tómas Þór Ágústsson, sérfræðilæknir í almennum lyflækningum og innkirtla-og efnaskiptalækningum.

*Stutt lýsing á verkefni:* Þar til 2016 var mat og meðferð fólks með sykursýki og fótamein á Íslandi nokkuð misjöfn og oft á tíðum ómarkviss. Markmið þessa verkefnis er áframhaldandi vinna til þess að allir einstaklingar með sykursýki á Íslandi fái viðunandi reglubundið mat með tilliti til fótameina, ásamt meðferð og ráðleggingum. Mat og meðferð allra fótameina, þó sérstaklega alvarlegri vandamála, krefjast þverfaglegrar nálgunar og meðferðar. Verkefnið fékk gæðastyrk árið 2015.

*Styrkur:* 500 þús kr.

*Heiti verkefnis:* **Hreinsað úr lyfjaskápnem (vinnuheiti).**

*Stofnun:* Lyfjastofnun.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Jana Rós Reynisdóttir, deildarstjóri upplýsingadeildar.

*Stutt lýsing á verkefni:* Verkefnið felst í vitundarvakningu og er átaksverkefni með það að markmiði að auka skil á fyrndum lyfjum í apótek og auka öryggi á geymslu lyfja á heimilum. Jafnframt að auka öryggi m.t.t. geymslu lyfja á heimilum, m.a. til að koma í veg fyrir slys s.s. óæskilega inntöku lyfja hjá börnum. Verkefnið er unnið að fyrirmynd verkefnisins "Rydd skabet" sem norska lyfjastofnunin leiddi fyrir á árinu 2016. Til stendur að fá aðrar stofnanir til liðs við verkefnið. t.d. Umhverfisstofnun, Landlækni, Eiturefnamiðstöð LSH.

*Styrkur:* 500 þús kr.

*Heiti verkefnis:* **Rauntíma lyfjakort.**

*Stofnun:* Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og rekstrar á HVE.

*Stutt lýsing á verkefni:* Innleiða nýtt verklag á heilsugæslustöðvum HVE, göngudeildum sérfræðilækna og á hjúkrunar- og sjúkrasviði HVE með það að markmiði að lyfjakort í SÖGU sjúkraskrá hjá sjúklingum á þjónustusvæði HVE sé ávallt rétt. Verkefnið mun leiða saman aðila frá heilsugæslustöðvum, göngudeildum og frá sjúkrasviði HVE og mun bæta samskipti og auka lyfjaöryggi milli eininga innan HVE. Verkefnið mun einnig auka skilning á ábyrgð allra aðila sem hafa með lyf sjúklinga að gera og sparar tíma við leit að réttum lyfjaupplýsingum.

*Styrkur:* 500 þús kr.

**Heiti verkefnis: Langvinnur nýrnasjúkdómur, samvinnuverkefni heilsugæslu og sérfræðipjónustu.**

*Stofnun:* Sjúkrahúsið á Selfossi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Daníel Karl Ásgeirsson, læknir.

*Stutt lýsing á verkefni:* Tilgangur þessa verkefnis er að bæta verklag og auka samvinnu milli heilsugæslu og sérfræðipjónustu við umönnun sjúklinga með langvinna nýrnasjúkdóma. Í þessu verkefni er ætlunin að kortleggja umfang langvinnra nýrnabilana í gagnagrunni Heilbrigðisstofnunar Suðurlands ásamt gagnagrunni Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðis og út frá því leggja upp drög að skýrslu og verklagsreglum um samvinnu heilsugæslu og sérfræðipjónustu við umönnun á þessum einstaklingum. Að leiðarljósi verður haft að auka fjölda þeirra sjúklinga sem hægt er að sinna í heilsugæslu og greint hvað þarf til þess og verða verklagsreglur og leiðbeiningar gerðar út frá því. Við þessa greiningu verður haft samráð við heilbrigðisstarfsfólk í heilsugæslu, á nýrnadeild Landspítalans og í félagi íslenskra nýrnalækna ásamt því að skoða árangur og draga lærdóm af slíkum módelum erlendis.

*Styrkur:* 500 þús kr.

**Heiti verkefnis: CP-NORTH: Living Life with Cerebral Palsy in the Nordic Countries.**

*Stofnun:* Endurhæfing-þekkingarsetur.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Guðný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri og sjúkraþjálfari.

*Stutt lýsing á verkefni:* Íslenskir fag- og fræðimenn taka þátt í umfangsmikilli samnorrænni rannsókn: “CP-NORTH: Living Life with Cerebral Palsy in the Nordic Countries?” á högum einstaklinga með CP og fjölskyldna þeirra með tilliti til heilsu, félagslegrar stöðu og fjárhags. Slík rannsókn hefur ekki verið framkvæmd á Norðurlöndunum áður. Fyrirhugað er að tengja saman gögn frá Hagstofum og sjúkraskráum á landsvísu til þess að framkvæma rannsóknir í hverju landi fyrir sig auk samtengingar gagna þvert á löndin öll. Þar sem engar heildrænar upplýsingar eru til um þennan viðkvæma hóp þjóðfélagsþegna á Íslandi, hefur verið erfitt að skipuleggja þjónustu og stuðning á markvissan hátt. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig líf með CP hefur áhrif á heilsu, lífsgæði, notkun heilbrigðisþjónustu, menntun, þátttöku á vinnumarkaði, efnahags- og félagslega stöðu yfir æviskeið einstaklinga með CP og foreldra þeirra.

*Styrkur:* 500 þús kr.

**Heiti verkefnis: STANS – skynsamleg, trygg og ábyrg notkun sýklalyfja á Íslandi.**

*Stofnun:* Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Kristján Linnet, lyfjafræðingur.

*Stutt lýsing á verkefni:* Tilgangur með verkefninu er að draga úr sívaxandi ónæmi ýmissa bakteríustofna gegn sýklalyfjum með því að bæta notkun sýklalyfja og stuðla að hnitmiðaðri notkun þeirra, þannig að þau haldi gildi sínu og verði áfram virk í meðferð við sýkingum hér á landi.

*Styrkur:* 500 þús kr.

**Heiti verkefnis: Fjölskyldumiðuð nálgun á barneignatíma til að efla geðheilsu ungra barna.**

*Stofnun:* Miðstöð foreldra og barna í samstarfi við Heilsugæsluna í Árbæ.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Stefanía Birna Arnardóttir, sérfræðingur í fjölskylduhjúkrun á sviði heilsuverndar.

*Stutt lýsing á verkefni:* Að styrkja (endurmennta) fagfólk heilsugæslunnar til að koma auga á og hefja inngríp á byrjunarstigi vegan vanda ungbarnafjölskyldna. Markmiðið er að greina á milli þess hóps sem nægir sú meðferð og þess sem þarf sérfræðipjónustu eða þjónustu sjúkrahúsa. Til að vinna þvert á stofnanir og fagstéttir verður fagfólki Þjónustumiðstöðvar Árbæjar sem vinnur með barnafjölskyldur boðið að taka þátt í 2ja daga námskeiði með eftirfylgd með fagfólki heilsugæslunnar.

*Styrkur:* 500 þús kr.

*Heiti verkefnis:* **Innleiðing fjölskylduhjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri.**

*Stofnun:* Sjúkrahúsið á Akureyri.

*Umsækjandi/ábyrgðarmaður:* Snæbjörn Ómar Guðjónsson, geðhjúkrunarfræðingur.

*Stutt lýsing á verkefni:* Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) hefur tekið ákvörðun um að innleiða Calgary fjölskylduhjúkrun á eftirfarandi deildir: almenna göngudeild, barnadeild, fæðingardeild, geðdeild, gjörgæsludeild, Kristnesspítala, lyflækningadeild og skurðlækningadeild. Forstöðuhjúkrunarfræðingar tilnefndu tvo tengiliði sem sjá um innleiðingarferli á sínum deildum en þeim verður fækkað um einn þegar innleiðingu lýkur. Innleiðing fjölskylduhjúkrunar fór fram á Landspítalanum háskólasjúkrahúsi (LSH) á árunum 2007–2011 og þykir hafa tekist með ágætum. Mikilvægt er að byggja á þeirri gagnreyndri þekkingu sem er til staðar, því var óskað eftir aðstoð frá Fagráði fjölskylduhjúkrunar á LSH um kennslu, fræðslu og handleiðslu vegna innleiðingar á SAK.

*Styrkur:* 500 þús kr.